

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 9.2	K/S 6.10.17
Ábm.	Svfr.
Afgr.	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Tfm:

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi  
Dalbraut 12  
801 Selfoss



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 3. október 2017  
MÍ201710-0013/ 6.09 / K.M.

## Efni: Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Sandlækjar 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 14. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Sandlækjar 1. Með tölvupóstinum fylgdi skipulagsuppráttur með greinargerð.

Skipulagssvæðið er um 17,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að 9 ha fari undir 6 frístundalóðir og um 8,5 ha verði varið í opið svæði og vegi.

Fornleifar hafa ekki verið skráðar á jörðinni. Undirritaður starfsmaður Minjastofnunar Íslands hefur skoðað skipulagssvæðið á vettvangi. Svæðið er mjög gróið en þar er að finna tré, runna og Lúpínu. Því er mjög erfitt að greina tóftir sem kynnu að leynast undir gróðrinum. Undirritaður fann engar vísbendingar um fornleifar innan svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Sandlækjar 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 03.03.2017. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. ([petur@utu.is](mailto:petur@utu.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.